

Þróunarsjóður innflytjendamála 2016-17 / Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Innflytjendur á Austurlandi

Nafn styrkþega: Austurbrú

Útdráttur: Markmið verkefnisins var að kanna aðlögun og upplifun innflytjenda af því að búa á Austurlandi. Í því skyni var meðal annars kannað það umhverfi sem þeim mætir hvað varðar aðgengi að upplýsingum hverskonar. Heimasíður stofnana, sveitarfélaga og einstakra fyrirtækja og félagasamtaka á Austurlandi voru því skoðaðar. Í ljós kom að heimasíður sveitarfélaga á Austurlandi eru yfirleitt ekki hannaðar m.t.t. til innflytjenda. Heimasíður stofnana eru misjafnar en flestar með upplýsingar á ensku og jafnvel pólsku. Þannig hefur sums staðar verið haft í huga við hönnun síðu að notendur hafi annað mál en íslensku sem er mikilvægt til að stuðla að góðri aðlögun innflytjenda á Íslandi. Ekkert sveitarfélaganna á Austurlandi fylgir sérstakri aðgerðaáætlun þegar kemur að móttöku nýrra íbúa/innflytjenda að fullu þó að nokkur þeirra hafi á einhverjum tímavarki gert það. Ekkert þeirra er með sérstaka stefnu í málefnum innflytjenda. Þó var í langflestum tilfellum einhver vinna í gangi við að bjóða fólk velkomið, einkum ef fólk átti erindi á hrepps-/bæjarskrifstofurnar. Innflytjendur voru almennt ánægðir með þær móttökur sem þeir fengu á Austurlandi þegar þeir fluttu á svæðið en töldu þó að ekki væri um sérstakt skipulag þar að ræða. Um þriðjungur svarenda taldi sig skorta upplýsingar um rétt sinn og skyldur á vinnumarkaði en jafnframt kom fram að nokkur menningarmunur virðist vera á vinnuþingum Íslendinga og innflytjenda. Skólar á Austurlandi voru ekki með heimasíður sínar á öðru máli en íslensku og í viðtölum við stjórnendur þeirra kom í ljós að ekki var um að ræða fastmótaðar móttökuáætlanir fyrir innflytjendur. Í viðhorfskönnun kom í ljós að innflytjendur eru almennt ánægðir með skólana en töluvert virðist vanta upp á stuðning við móðurmál og þá um leið íslenskukennslu. Viðhorf til skólamála sýna að innflytjendur með börn á skólaaldri eru ánægðir með móttöku, almennan stuðning og upplýsingaflæði. Niðurstaða viðhorfskönnunar meðal innflytjenda á Austurlandi leiða í ljós að stærra hlutfall innflytjenda á Austurlandi eru háskólamenntaðir en almennt á við um íbúa í landshlutanum. Út frá niðurstöðum má hugsa sér að næstu skref fælust í að kanna möguleika á móðurmálsstuðningi og skoða hvað felst í þeirra upplifun að hafa ekki sömu tækifæri og innfæddir. Að auki er nauðsyn að kynna niðurstöður fyrir sveitarfélögum og stofnunum á Austurlandi þeim til hagnýtis.

Project Title: Immigrants in East-Iceland

Name of Grantee: Austurbrú

Abstracts: The aim of the project was to explore the integration and experiences of immigrants living in East-Iceland. A twofold approach was used; and analysis of the environment immigrant encounter in East-Iceland and their own views on the community and their integration. Websites of institutions, municipalities, companies and associations in the area were checked and evaluated. The analysis indicates that websites are generally not designed with immigrants in mind but some of them included material and information in English and even in Polish. None of the municipalities in East-Iceland have a special action plan / program for the new residents / immigrants. None of them has a special policy on immigrant issues. However, in the majority of cases, someone was working to welcome people. Immigrants were generally pleased with the receptions they received in East-Iceland when they moved to the area. Schools in East Iceland had their websites only in Icelandic. No special program or policy regarding immigrants was in place, with the exception of some upper secondary schools. A survey among immigrants in East-Iceland revealed that they are generally satisfied with the schools and a good general support and information flow. However, they report an overall lack of support for immigrant children in learning and / or sustaining their native languages. Another interesting result from the survey reveals that a larger portion of immigrants in East-Iceland holds a university degree than the regional average. Based on the results, the next steps should be an enhanced support for native language studies among immigrant children. Another issue to look into is the reported experience of not having the same opportunities as natives, as was indicated in the survey results. In addition, it is necessary to present results in the area to start a conversation on immigrant issues in general since they are a growing number of the population.